

Sp. 184. Tillaga til þingsályktunar

um skipun millipinganefndar til þess að athuga atvinnumál o. fl.

Frá allsherjarnefnd.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa 4 menn í nefnd eftir tilnefningu þingflokkanna, 1 mann frá hverjum flokki, til þess að semja tillögur og frumvörp fyrir næsta Alþingi um það, er hér greinir:

1. Skipulagningu vinnuaflsins og vinnumiðlun, er byggist á rannsókn á því, hve margir vinnufærir karlar og konur eru í landinu og hvernig vinnuafli þeirra er nú hagnýtt, enn fremur á rannsókn á vinnuþörf atvinnuveganna. Skulu tillögurnar miða að því, að unnt verði að vinna nauðsynleg framleiðslustörf, verklegar framkvæmdir og gera öryggisráðstafanir sakir ófriðarins, eftir því sem vinnuaflið endist til, og leitað um þær samkomulags við verkalýðssamtökin.
2. Tillögur um samninga milli ríkisstjórnarinnar og verkalýðssamtakanna um samræmingu á kaupi og kjörum og vinnutíma í þeirri vinnu, er ríkið og stofnanir þess láta framkvæma.
3. Frv. til l. um vinnutíma í ýmsum atvinnugreinum, svo og um vinnuvernd og aukið öryggi og góðan aðbúnað verkalýðsins.

Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

G r e i n a r g e r ð .

Allsherjarnefnd hefur haft til athugunar till. til þál. á þskj. 12, 14 og 27, er allar miða að því, að leitað verði samninga við verkalýðssamtökin til þess að tryggja atvinnuvegunum nauðsynlegt vinnuafli. Till. á þskj. 14 er þó nokkru víðtækari að því leyti, að auk þess er gert ráð fyrir sérstökum samningum viðvikjandi opinberri vinnu og löggjöf um átta stunda vinnudag og vinnuvernd. Í öllum tillögnum er gert ráð fyrir, að ríkisstjórnin hafi um þetta framkvæmdir. Nefndarmenn eru sammála um, að hér sé um svo mikið nauðsynjamál og vandamál að ræða, að réttara sé og líklegra til árangurs að setja millipinganefnd í málið, með því að ætla má, að mjög sé áliðið þingtímans, er undirbúi tillögur og leggi fyrir næsta Alþingi, eftir því sem tími vinnst til, en annars síðar, og gætu nefndartillögurnar orðið grundvöllur til þess að koma á nauðsynlegum friði og samkomulagi um þessi mál.

PZ hefur fyrirvara um 3. tölul. tillgr.

Nánar í framsögu.